

16. fundur Sögunefndar Keflavíkur 1949-1994 haldinn á Hótel Keflavík fimmtudaginn 10. mars 2022. kl. 17:00. Mætt eru; Eiríkur Páll Jörundsson vef- og ritstjóri, Ragnhildur Árnadóttir, Erla Guðmundsdóttir, Árni Jóhannsson, Stefán Jónsson og Kristinn Jakobsson sem ritar fundargerð.

Eiríkur Páll fór yfir undirbúning prentunar á bók. Sú vinna við skönnun og merkingu ljósmynda sem ráðist var í hefur skilað sér margfalt. Hulda Björk Þorkelsdóttir og Oddgeir Karlsson skiluðu ómetanlegu starfi við ljósmyndirnar sem auðveldar alla vinnu við val ljósmynda. En vinnan við val á ljósmyndum í bókina hefur reynst tímafreakari en áætlað var.

Fyrstu þrjú hlutar bókarinnar af fimm eru tilbúnir fyrir prófarkalestur. Fjórdi og fimmti hluti eru í umsetningu og verða tilbúnir til prófarkalestur í næstu viku.

Vinna við nafnaskrá og atriðisorðaskrá hefst að loknum prófarkalestri.

Hönnun á útliti bókarinnar verður samsvarandi fyrri bókum en án bókarkápu, prentað verður á bókaspjöldin.

Vinna við söguvefinn hefur liðið fyrir aukna vinnu vefstjóra við ritstjórn og val ljósmynda sem hefur tekið lengri og meiri tíma en áætlanir gerðu ráð fyrir. Enn er áætlað að handrit bókarinnar verði tilbúið til prentunar milli 21. og 25. mars.

Fjórða bindi sögu Keflavíkur 1949-1994 ætti því að vera komið til landsins í lok apríl, verði samgöngur með eðlilegu móti þangað til.

Formaður fór yfir útgjöld útgáfunnar sem má sjá hér að neðan eftir árum:

Sögun. Kef	2019	2020	2021	2022	áætlun	
Ljósmyndir	3.000.000 kr	3.430.320 kr	2.397.460 kr	450.000 kr	1.600.000 kr	
Rithöfundur	2.390.400 kr	7.171.200 kr	7.968.000 kr		700.000 kr	
Nefndarlaun	2.000.000 kr	803.760 kr	951.860 kr	450.000 kr	900.000 kr	
Vef og ritsjórn			1.400.000 kr	2.500.000 kr	3.000.000 kr	
Umbrot og prentun			2.480.000 kr		7.500.000 kr	
Samtals	7.390.400 kr	11.405.280 kr	15.197.320 kr	3.400.000 kr	13.700.000 kr	51.093.000 kr áætluð staða í lok
				2022 + áætlun	17.100.000 kr	54.850.000 kr upphafs áætlun

Mikilvægt er að tryggja að söguvefurinn fái áframhaldandi stuðning og fjártilligg til að klára og halda áfram ritun sögu Reykjanesbæjar frá lokum sögu Keflavíkur. Eins er nauðsynlegt að mati nefndarmanna að setja á vefinn bækurnar um sögu Njarðvíkur og sögu Hafna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:50.